

Sp.

38. Tillaga til þingsályktunar

[38. mál]

um framkvæmd Dalabyggðaráætlunar.

Flm.: Alexander Stefánsson, Friðjón Þórðarson, Davíð Aðalsteinsson,
Skúli Alexandersson, Eiður Guðnason, Jósef H. Þorgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um að fullfrágengin Dalabyggðaráætlun hjá Framkvæmdastofnun ríkisins, byggðadeild, verði samþykkt, gefin út og fjármögnuð til framkvæmda 1980.

Greinargerð.

Framkvæmdastofnun ríkisins hóf vinnu við Vesturlandsáætlun, þ.e. byggða-áætlun fyrir Vesturland, árið 1974 í samráði við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. Hefur því starfi verið haldið uppi síðan og hafa verið gefnar út ýmsar tölulegar upplýsingar um stöðu landshlutans, sem teknar hafa verið fyrir á aðalfundum Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi og innan Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Þegar upplýsingar lágu að miklu leyti fyrir um stöðu Vesturlands í byrjun árs 1977 var ljóst, að alhliða byggðáþróunaráætlanir fyrir heil kjördæmi skiluðu ekki þeim árangri sem vonir stóðu til. Var sú stefna tekin í áætlunargerð á Vesturlandi, í samráði við Samtök sveitarfélaga, að takmarka áætlunarstarfið við eitt byggðasvæði hverju sinni.

Byggðirnar á Vesturlandi hefur Framkvæmdastofnun skilgreint til áætlanagerðar þannig: Dalabyggð — Snæfellsnesbyggð — Borgarfjarðarbyggð og Akranesbyggð. — Á grundvelli þeirra gagna, sem aflað hefur verið og unnið úr um stöðu Vesturlands, voru allir sammála um að Dalabyggð var hvað verst á vegi stödd, m. a. vegna stöðugrar íbúafækkunar, einhæfs atvinnulífs og lágra brúttótekna. Var því ákveðið að hefja störf að byggðáþróunaráætlun fyrir Dalabyggð. Var skipulega unnið að þessari áætlunargerð í fullri samvinnu við heimamenn og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. Var þessu verki lokið að fullu í byrjun árs 1979. Hafði áætlunin verið kynnt rækilega, m. a. fulltrúum stjórnvalda, ríkisstofnana og hagsmunasamtaka,

sveitarstjórna, búnaðarsambanda o. fl. Endanlegar tillögur áætlunarinnar hlutu meðmæli frá öllum aðilum sem leitað var til, enda ljóst að framkvæmd hennar mun leiða til framfara á svæðinu.

Þegar kom að afgreiðslu málsins í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins á s. l. vori stöðvaðist málið. Stjórnin vildi ekki samþykkja áætlunina til framkvæmda. Við það situr. Hefur áætlunin ekki verið gefin út né send til ríkisstjórnar. Hefur þetta valdið miklum vonbrigðum, ekki aðeins í Dalabyggð, heldur einnig víðs vegar um byggðir landsins og í samtökum sveitarfélaga, sem telja til litils að leggja vinnu og fjármagn í áætlanagerð, ef hún í reynd á að vera aðeins pappírsgagn.

Í lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins stendur m. a. í 28. gr.:

„Hlutverk Byggðasjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum, sbr. 10. gr., og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir, að lífvænlegar byggðir fari í eyði.“

Í 10. gr.: „Byggðadeild gerir áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs í þeim tilgangi að tryggja atvinnu og búsetu í byggðum landsins.“

Í 3. gr.: „Verkefni stjórnar Framkvæmdastofnunar eru m. a. þessi:

4) að fjalla um og samþykkja allar áætlanir, sem stofnunin gerir, áður en þær eru sendar ríkisstjórninni, sbr. 9. gr.“

Í 9. gr.: „Áætlanir skulu sendar ríkisstjórninni og gerir hún Alþingi grein fyrir þeim.“

Tölulegar staðreyndir sanna, að byggð í Dalasýslu er í verulegri hættu.

Með flutningi þessarar þingsályktunartillögu vilja flutningsmenn fá viljayfirlýsingu Alþingis um að þessi fullgerða byggðaþróunaráætlun fyrir Dalabyggð nái fram að ganga í samræmi við lög og tilgang Byggðasjóðs með það meginmarkmið að styrkja byggð á þessu svæði.